

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Reykjanesbæjar að húseigninni nr. 9-A,
við Tjarnargötu, Reykjanesbæ.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 27. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 22/1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o.fl., hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að húseigninni nr. 9-A, við Tjarnargötu, Reykjanesbæ.

2. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 2. gr. laga nr. 22/1932 til að öðlast gildi þegar í stað og gildir í fimm ár frá staðfestingardegi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

3. mars 1997

Nr. 172

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 58, 18. janúar 1996, um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Í stað 2. málsgreinar B-liðar 6. gr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo: Innan línu, sem dregin er úr Krossanesvíta, vestan Grundarfjarðar, í Lambanes, vestan Vatnsfjarðar, er veiðitímabilið þó 5. maí - 5. ágúst.

Séu grásleppuveiðar hafnar fyrir 5. maí samkvæmt heimild í þessum lið skal veiðum viðkomandi báts hætt eigi síðar en 20. júlí.

2. gr.

Aftan við 1. málsgrein C-liðar 6. gr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo: Norðan línu, sem dregin er réttvísandi í vestur frá Sauðanesvíta og utan línu, sem dregin er frá Óshólavita í Bjarnanúp er þó heimilt að hefja grásleppuveiðar 10. apríl.

Séu grásleppuveiðar hafnar fyrir 20. apríl samkvæmt þessum lið skal veiðum viðkomandi báts hætt eigi síðar en 10. júlí.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. mars 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.